# Öryggisblað (MSDS)

Reglug. 866/2012 og 1272/2008/EB (CLP), rg. 750/2008 (REACH).

Stilling

## 1. Söluheiti efnis eða vörutegundar og notkun. Upplýsingar um seljanda, gerð öryggisblaða, útgáfudag og neyðarsímanúmer.

*Söluheiti vöru:* **Smákornasíuhreinsir**
*Vörunúmer:* 5123
*Notkun:* Hreinsiefni.

*Fyrirtæki:* STILLING hf., Kletthálsi 5 , 110 Reykjavík, sími 520 8000
www.stilling.is

*Tengiliður:* stilling@stilling.is

*Gerð öryggisblaða:* EFNAVERND ehf., Reykjavík, sími 588 8130, http://efnavernd.is

*Útgáfudagsetning:* 12.11.2013

*Neyðarlínan; sjúkrabifreið, slökkvilið og lögregla:* sími 112
*Eiturefnamiðstöð Landspítala - háskólasjúkrahúss, Reykjavík:* sími 543 2222

## 2. Hættugreining.

*Helstu hættur:* Hættulegt; getur valdið lungnaskaða við inntöku. Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

*Aðrar hættur:* -

*Gerð vöru:* Blanda, vökvi.

***Flokkun og umbúðamerkingar skv. rg. 236/1990 og 750/2008 (REACH):***

*Hættumerki:* Xn




*Innihaldsefni:* Kolvetni C10-13, n-alkanar, ísóalkanar, hringsambönd, arómatar (2-25%)

*Hættusetningar:*
H65 Hættulegt; getur valdið lungnaskaða við inntöku.
H66 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

*Varnaðarsetningar:*
V23 Varist innöndun gufu/úða.
V24 Varist snertingu við húð.
V36 Notið viðeigandi hlífðarfatnað.
V35 Vörunni og umbúðum hennar skal fargað á tryggilegan hátt.
V62 Varist að framkalla uppköst eftir inntöku. Leitið umsvifalaust læknis og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar.
(V2) GEYMIST ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.

*Viðbótarmerkingar:* -

***Flokkun og umbúðamerkingar skv. rg. (EB) 1272/2008 (CLP):***

***Flokkun:*** -

***Umbúðamerkingar:***

*Hættumerki:* -

*Viðvörunarorð:* -

*Innihaldsefni:* -

*H - setningar:* -

*P - setningar:* -

*Viðbótarupplýsingar:* -

*Takmarkanir á notkun:* -

***Athugið:*** *Umbúðamerkingar skulu vera skv. rg. (EB) 1272/2008 (CLP)* ***eða*** *rg. 236/1990 og 750/2008 (REACH).*

## 3. Samsetning / upplýsingar um innihaldsefni.

| *CAS-nr.:* | *EB-nr.:* | *Efnaheiti:* | *Magn %:* | *Hættuflokkun:* |
|---|---|---|---|---|
| 64742-82-1 | 919-164-8 | Hrábensín (úr jarðolíu), brennisteinssneytt með vetni, þungt | 80 - 100 | Xn H65-66<br><br>Eit. v. ásvelg. 1 H304 |
| 102-54-5 | 203-039-3 | Ferrocene | 0,1 - < 1 | F Xn N 11-2251/53<br><br>Eldf. fast efni 1 H228<br>Bráð eit. 4 H302<br>Langv.eit.á vatn2 H411 |

***Varnaðarmerkingar - sjá lið 2 eða 15.*** ***Texti allra hættusetninga - sjá lið 16.***

## 4. Skyndihjálp.

*Áhrif, eitrunareinkenni:* Sjá kafla 11.

*Við innöndun:* Tryggið hreint loft. Leitið læknis ef óþægindi koma fram. Ef slasaði er meðvitundarlaus skal koma honum fyrir í læstri hliðarlegu og leita læknis.

*Snerting við húð:* Fjarlægið strax föt sem mengast hafa af efninu og þvoið húðina vel með nægu vatni og sápu. Leitið læknis ef erting kemur fram.

*Snerting við augu:* Fjarlægið snertilinsur ef við á. Skolið strax vel með nægu vatni í nokkrar mínútur með augað vel opið. Leitið læknis ef þörf krefur.

*Við inntöku:* Skolið munninn með vatni. Framkallið EKKI uppköst. Leitið strax læknis eða flytjið slasaða á sjúkrahús. Ef uppköst verða, skal halda höfðinu lágt til að forðast að efnið berist í lungun.

*Uppl. f. heilbrigðisstarfsfólk:*
Framkvæmið magaskolun aðeins með barkaþræðingu. Hætta er á ásvelgingu með lungnabólgu eða lungnabjúg.

## 5. Viðbrögð við eldsvoða.

*Viðbrögð:* Kælið lokaðar umbúðir með efninu á hættusvæðinu með vatni. Fargið skemmdu efni og menguðu vatni skv. reglum.

*Slökkviefni/búnaður:* Vatnsúði, kolsýra, froða, duft.

*Notið ekki (efni, búnað):* Notið ekki háþrýsta vatnssprautu.

*Hlífðarbúnaður:* Forðist innöndun gufu/úða. Notið viðeigandi hlífðarbúnað og ferskloftstæki við slökkvistörf. Notið fullan hlífðarbúnað ef þörf krefur.

*Sérstök hætta:* Við bruna myndast COx og aðrar eitraðar gastegundir. Gufa efnisins getur myndað eldfima blöndu með andrúmslofti.

## 6. Efnaleki.

*Varúðarráðstafanir:* Tryggið fullnægjandi loftræstingu. Forðist innöndun gufu eða úða og snertingu við húð og augu. Fjarlægið allt sem valdið getur íkveikju og reykið ekki. Varist hálku þar sem efnið hefur farið niður.

*Umhverfið:* Hindrið að efnið berist í niðurföll, yfirborðsvatn, grunnvatn eða jarðveg. Ef umtalsvert magn berst út í umhverfið þarf að láta viðkomandi yfirvöld vita.

*Hreinsun:* Notið sand, jarðveg eða önnur óvirk ísogsefni til að hefta og hreinsa upp efnið og látið í viðeigandi og merkt ílát til endurvinnslu eða förgunar. Skolið ekki í niðurföll við hreinsun.

*Tilvísanir í aðra liði:* Sjá kafla 8 fyrir upplýsingar um persónuhlífar.
Sjá kafla 13 fyrir upplýsingar um förgun.

## 7. Meðhöndlun og geymsla.

*Meðhöndlun:* Viðhafið góðar venjur og hreinlæti við meðferð efna. Tryggið góða loftræstingu. Fjarlægið allt sem valdið getur íkveikju og reykið ekki. Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafmagni.
Forðist innöndun gufu/úða og snertingu við augu og húð. Neytið ekki matar eða drykkjar eða reykið meðan á notkun stendur. Haldið efninu frá matvælum og öðrum neysluvörum, fóðri og lyfjum. Farið úr fötum sem mengast hafa af efninu áður en farið er í mataraðstöðu. Þvoið hendur fyrir hlé og eftir vinnu.
Notið efnið skv. leiðbeiningum. Efnið má ekki berast í jarðveg.

*Geymsla:* Geymist í upprunalegum umbúðum vel lokuðum, varið gegn hita og beinu sólarljósi. Geymist þar sem börn og aðrir óviðkomandi ná ekki til. Geymið ekki með oxunarmiðlum. Gólf þurfa að þola leysiefni. Geymið ekki á göngum eða í stigum.

## 8. Takmörkun váhrifa / persónuhlífar.

*Mengunarmörk skv. reglugerð 390/2009 ((MG) = meðalgildi fyrir 8 klst., (ÞG) = þakgildi):*

Olíuþoka, (olíuúði): (MG) 1 mg/m$^3$

*Tæknilegar aðgerðir:* Vinnusvæði þarf að vera vel loftræst og eftir atvikum búið sérstöku afsogi frá mengunaruppsprettu.

*Persónuhlífar;*

*Öndunartæki:* Ekki nauðsynleg við venjulegar aðstæður. Notið viðeigandi öndunartæki með síu A (EN 14387), litakóði brúnn, ef loftræsting er ófullnægjandi. Athugið að endingartími síu er takmarkaður.

*Fyrir augu:* Hlífðargleraugu sem falla vel að (EN 166).

*Fyrir hendur:* Leysiefnaþolnir hlífðarhanskar úr nítrílgúmmíi eða Viton (EN 374). Mælt er með notkun hlífðarkrems.

Við val á hlífðarhönskum við vinnu þarf að taka mið af efnum og öðrum aðstæðum sem þeir komast í snertingu við, t.d. snertitíma og tíðni, núningi, hita ofl. Veljið hlífðarhanska í samráði við söluaðila þeirra m.t.t. efnis, aðstæðna og endingartíma. Skiptið hönskum strax út ef þeir skemmast eða slitna. Ekki eru til upplýsingar um blönduna sjálfa varðandi endingartíma hanska. Gera þarf prófanir á gegndræpi hlífðarhanska fyrir notkun.

*Fyrir húð:* Hlífðarfatnaður og skór ( t.d. öryggisskór skv. EN ISO 20345 og langerma hlífðarfatnaður).

*Hreinlæti við vinnu:* Viðhafið góðar venjur og hreinlæti við meðferð efna.Þvoið hendur fyrir hlé og eftir vinnu. Haldið efninu frá matvælum og öðrum neysluvörum, fóðri og lyfjum. Farið úr fötum sem mengast hafa af efninu áður en farið er í mataraðstöðu.

*Umhverfið:* Hindrið að efnið berist í niðurföll, yfirborðsvatn, grunnvatn eða jarðveg. Ef umtalsvert magn berst út í umhverfið þarf að láta viðkomandi yfirvöld vita.

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.

| | |
|---|---|
| *Ástand / útlit / lykt:* | Vökvi / tær, rauðgulur / einkennandi |
| *Sýrustig (pH):* | - |
| *Suðumark:* | - |
| *Bræðslumark:* | - |
| *Blossamark:* | 63°C |
| *Sprengimörk; neðri - efri:* | 0,6-6,1% rúmmáls |
| *Eldnærandi eiginleikar:* | Nei |
| *Gufuþrýstingur:* | - |
| *Gufuþéttni:* | - |
| *Uppgufunarhraði:* | - |
| *Rokgjörn lífræn efni (VOC):* | ~ 100% af rúmmáli |
| *Seigja:* | <7 $mm^2/s$ (40°C) |
| *Eðlisþyngd:* | 0,799 g/ml (15°C) |
| *Leysni:* | Leysist ekki í vatni |
| *Deilistuðull, n-oktanól/vatn:* | - |

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni.

*Stöðugleiki, hvarfgirni:* Efnið er stöðugt við rétta meðhöndlun og geymslu.

*Aðstæður sem skal forðast:* Hiti, opinn eldur og annað sem valdið getur íkveikju. Stöðurafmagn.

*Efni sem skal varast:* Sterkir oxunarmiðlar.

*Hættuleg niðurbrotsefni:* Engin við rétta meðhöndlun og geymslu.

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar.

*Almennt:* -

*Helstu áhrifaleiðir:* -

| | |
|---|---|
| *Áhrif við innöndun:* | - |
| *Í snertingu við húð:* | Affitar og þurrkar húðina og getur valdið húðbólgu. |
| *Í snertingu við augu:* | - |
| *Við inntöku:* | Ógleði, uppköst. Hætta er á ásvelgingu og efnalungnabólgu. |

| | |
|---|---|
| *Bráð eiturhrif:* | - |
| *Áhrif á miðtaugakerfi:* | - |
| *Langtímaáhrif:* | - |

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar.

| | |
|---|---|
| *Dreifing/afdrif:* | Upplýsingar liggja ekki fyrir. |
| *Líffræðileg áhrif:* | - |
| *Þrávirkni/lífniðurbrot:* | Ferrocen:<br>60% á 28 dögum. |
| *Uppsöfnun í lífverum:* | Ferrocen:<br>Log Pow = 3,28 |
| *Önnur skaðleg áhrif:* | - |
| *PBT/vPvB:* | Inniheldur engin slík efni. |

## 13. Förgun.

| | |
|---|---|
| *Förgun vörunnar:* | Endurvinnið ef hægt er eða fargið á öruggann hátt og í samræmi við innlendar og alþjóðlegar kröfur. |
| *Úrgangsflokkun:* | 13 07 03 annað eldsneyti (þ.m.t. blöndur)<br>14 06 03 aðrir leysar og leysablöndur.<br>Endanleg úrgangsflokkun getur verið önnur en hér er getið; endanotandi ákvarðar flokkun í samræmi við notkun. |
| *Förgun umbúða:* | Fargið umbúðum á sambærilegan hátt og vörunni sjálfri. Hreinar umbúðir má endurvinna. |

*Reglur um meðferð og flokkun úrgangs: Reglugerð 184/2002, reglug. 738/2003.*

## 14. Flutningur.

Varan fellur ekki undir reglur um flutninga á hættulegum farmi.

| | |
|---|---|
| *Flutningur á landi:* | - |
| *Flutningur á sjó:* | - |
| *Flutningur í lofti:* | - |

*Vinnueftirlit ríkisins gefur upplýsingar um reglur um flutninga á hættulegum efnum.*

## 15. Umbúðamerkingar og upplýsingar um reglur sem varða notkun efnisins eða vörunnar.

***Flokkun og umbúðamerkingar skv. rg. 236/1990 og 750/2008 (REACH):***

Sjá kafla 2.

***Flokkun og umbúðamerkingar skv. rg. (EB) 1272/2008 (CLP):***

Sjá kafla 2.

*Takmarkanir á notkun:* -

*Efnaöryggisskýrsla:* Er ekki gerð fyrir blöndur.

***Athugið:*** *Umbúðamerkingar skulu vera skv. rg. (EB) 1272/2008 (CLP)* ***eða*** *rg. 236/1990 og 750/2008 (REACH).*

## 16. Aðrar upplýsingar.

*Gert þann:* 12.11.2013 *Dagsetning frumrits:* 25.04.2012

*Útgáfa:* 1,0 *Breyttir liðir:* -

*Gert fyrir:* STILLING hf., Kletthálsi 5 , 110 Reykjavík, sími 520 8000
www.stilling.is

*Unnið af:* EFNAVERND ehf., Reykjavík, sími 588 8130, http://efnavernd.is / FF

*Texti hættusetninga sem fram koma í liðum 3 og 2:*

H11 Mjög eldfimt.
H22 Hættulegt við inntöku.
H51/53 Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.
H65 Hættulegt; getur valdið lungnaskaða við inntöku.
H66 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

H228 Eldfimt fast efni.
H302 Hættulegt við inntöku.
H304 Getur verið banvænt ef kyngt og komist í öndunarveg.
H411 Eitrað lífi í vatni með langvinnum áhrifum.

*Annað:* Ofangreindar upplýsingar eru byggðar á fyrirliggjandi vitneskju um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi þegar öryggisblöðin eru gerð en fela ekki í sér ábyrgð á eiginleikum vörunnar eða afleiddum afleiðingum af notkun hennar. Notkun vörunnar er á ábyrgð notenda þar sem hún er utan áhrifasviðs framleiðanda.

Þetta öryggisblað er unnið eftir MSDS frá LIQUI MOLY GmbH, Jerg-Wieland Strasse 4, D-89081, Ulm-Lehr, Deutchland.